



Alþingi
Erindi nr. P 139/2135
komudagur 29.4.2011

Alþingi, iðnaðarnefnd
við Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 29. apríl 2011
Tilvísun: 201104-0028

Efni: Umsögn um mál nr. 720, um breytingu á vatnalögum nr. 15/1923 og lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Alþýðusamband Íslands hefur farið yfir ofangreint frumvarp um breytingar á gildandi lögum um heimildir opinberra aðila til að veita tímabundinn afnotarétt að vatnsafls- og jarðhitaréttindum hvað varðar bæði nýtingartíma og forgangsrétt. ASÍ hefur áður kynnt meginsjónarmið sín um þessi álitaeefni við mótun á orkunýtingarstefnu, sbr. hjálagða umsögn.

Við ákvörðun um hversu langan afnotarétt opinberum aðilum verði heimilt að semja um varðandi nýtingartíma á vatnsafls- og jarðhitaréttindum er tvennt sem hafa verður í huga. Annars vegar verður að setja skýrar leikreglur um umgengni viðkomandi aðila við auðlindina þannig að endurnýjanleiki hennar raskist ekki né heldur nánasta umhverfi að teknu tilliti til þeirra mannvirkja sem reisa verður. Hins vegar þarf að vega saman hagsmuni þjóðarinnar af ráðstöfunarrétti sínum og háþöskun á þjóðhagslegum afrakstri auðlindarinnar, en jafnframt verðum við að vera okkur meðvituð um í hverju sá afrakstur er fólgin. Gengið er út frá því í þessari umsögn að fyrra atriðið um umgengni við auðlindina verði til skila haldið með eðlilegum fyrirvörum og úrræðum bæði á leigutíma og eins þegar að endurnýjun á leigusamningi kemur.

Hvað hagsmuni þjóðarinnar af nýtingartíma varðar er ljóst að hér togast ólík sjónarmið á. Skilja má af frumvarpinu að vonir standa til þess að auka megi auðlindarentuna verulega með styttri samningatíma þar sem samningsstaða eigendanna – sem skilyrði eru um að séu ríki, sveitarfélög eða fyrirtæki í opinberri eigu sem ASÍ styður heils hugar! – ætti samkvæmt þessari hugmynd að vera sterk. Forsenda þessa að svo megi verða er að nýtingaraðilinn geti afskrifað stofnfjárfestingar sínar á upphaflega samningstímanum og veruleg stytting þessa tíma eykur einfaldlega afskriftirnar sem kallar á hærra orkuverð. Takist honum það er það einmitt sú aðgerð sem gerir honum kleyft að koma til móts við þær væntingar sem fram



koma í frumvarpinu og semja um hærra leigu- eða auðlindagjald síðar með þeim forgangi sem honum er tryggður í lögunum.

Þá vaknar spurningin um hvaða áhrif þetta gæti hafa á samkeppnishæfni íslenskra orkuauðlinda. Tekið skal fram að þetta getur verið alveg óháð því að Íslendingum takist að ná hærra verði fyrir orkuauðlindirnar en hingað til vegna breytinga í orkumálum heimsins. Ef um er að ræða stórar virkjanir, hvort heldur vatnsafls eða jarðhitavirkjanir, er nokkuð ljóst að sá sem virkjar þarf að geta samið við tiltölulega stóran notanda/kaupanda til að tryggja verkefninu viðunandi arðsemi, en það er forsenda fyrir lánsfjármögnun þess. Þessi notandi/kaupandi þarf m.a. að hafa sterkan efnahagsreikning og njóta trúverðugleika fjármálastofnana, en þarf engu að síður að selja sínar afurðir á markaði. Hann mun því ekki geta mætt kröfu virkjanaaðila um hærra verð til að mæta hraðari afskriftum vegna styttri nýtingartíma. Hamli löggjafinn því að eigandi auðlindarinnar, hvort sem það er ríki, sveitarfélag eða opinbert fyrirtæki, semji um lengri nýtingartíma þegar í upphafi, eða með því að ákveða skilmála framlengingarinnar þegar helmingur nýtingartímans er liðinn til að lengja afskriftatíma framkvæmdanna, er nokkuð ljóst að erfitt verður að ná slíkum samningum. Ýmis dæmi eru um þetta í heiminum, þar sem lönd hafa sett fram kröfu um svo stuttan nýtingartíma að engir eða fáir samningar hafa náðst um nýtingu auðlinda. Yrði það raunin er alskostar óvíst hvert verður „verðmæti“ þessarar miklu auðlindar okkar og hvort þær muni gagnast til að auka hagsæld og velferð í landinu.

Alþýðusambandið lýsir áhyggjum af áhrifum styttri afskriftatíma á orkuverð hér á landi, því án efa mun það leiða til verulegra hækkana á orkuverði hér, bæði á rafmagni og heitu vatni. Dugar þá skammt að vísa til þess að orkuverð sé hér lægra en þekkist í nágrannalöndunum því lágt orkuverð kemur til móts við verulega lægri laun og hærra matvælavæð. Því munu lífskjör almennings skerðast verulega bæði beint og óbeint með óhjákvæmilegri hækkun vaxta sem fylgir hækkun verðlags.

Alþýðusambandið hefur einnig áhyggjur af því að afleiðingar þessara breytinga, sem lagðar eru til með frumvarpinu, verði annars vegar þær að draga úr þeim tækifærum og möguleikum sem endurnýjanlegar orkuauðlindir þjóðarinnar skapa, en Ísland er í fararbroddi í vistvænni orkunýtingu í sátt við náttúruna og á þar mörg ónýtt tækifæri sem nýta þarf. Það er mat ASÍ að Íslendingar geta lagt baráttu heimsins fyrir minnkun gróðurhúsalofttegunda lið með skynsamlegri nýtingu vistvænna orkuauðlinda sem við verðum að axla ábyrgð á að nýta. Auk þess er áhyggjuefni sú beina og óbeina lífskjaraskerðing sem hækkun orkuverðs mun leiða af sér, svo ekki sé minnst á verri samkeppnisstöðu atvinnuveganna vegna minnkandi kaupmáttar og hærra orkuverðs. Verði þetta reyndin mun fara lítið fyrir auknum þjóðhagslegum afrakstri auðlinda okkar!

Alþýðusamband Íslands

Sæstúni 1 • Reykjavík
Sími: 595 5600 • Fax: 595 5601
asi@asi.is • www.asi.is



Alþýðusambandið setur því fram alvarlegar athugasemdir við þá tillög að styttingu á heimiluðum nýtingartíma vatnsafls og jarðhita sem kveðið er á um í frumvarpinu. ASÍ telur það illa rökstutt og minnir á að í skýrslu nefndar sem forsætisráðherra skipaði sumarið 2010 var bent á að „rétt sé að miða við styttri afnotatíma en hinu lögbundna hámarki nemur og að hann verði að jafnaði á bilinu 40–50 ár“. Undir þetta sjónarmið tekur ASÍ og hvetur iðnaðarnefnd að lengja nýtingartímann og samræma hann þannig að hann verði 50 ár bæði varðandi vatnsafl og jarðhita með hliðsjón af almannahagsmunum, bættum lífskjörum og aukinni velferð í landinu.

Með kveðju,

Gylfi Arnbjörnsson
Forseti ASÍ

Alþýðusamband Íslands

Sættún 1 • Reykjavík
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601
asi@asi.is • www.asi.is



Stýrihópur um heildstæða orkustefnu
Orkugarði, Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík 20. febrúar 2011
Tilvísun: 201005-0038

Efni: Umsögn um drög að orkustefnu fyrir Ísland

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar drög að orkustefnu fyrir Ísland.

Um nokkurt skeið hefur það verið skoðun ASÍ að núverandi opinber afskipti af orkumálum séu um of handahófskennd, eða eins og segir í atvinnustefnu sambandsins: „Það er sjálfsagt að nýta þá vatnsorku og jarðhita sem landsmenn eiga til uppbyggingar á samkeppnishæfu atvinnulífi. Það væri hins vegar óskynsamlegt að veita leyfi fyrir frekari nýtingu áður en stefna um nýtingu og verndun auðlinda liggur fyrir.“ Í þessu ljósi lýsir ASÍ yfir ánægju með að ráðist hafi verið í gerð orkustefnu fyrir Ísland.

Það er mat ASÍ að þau drög að orkustefnu sem nú liggja fyrir séu á heildina litið sett fram á mjög skýran og aðgengilegan hátt. Þær tillögur sem lagðar eru fram falla einnig ágætlega að stefnu ASÍ í málaflokknum. Hér að neðan eru fyrst dregin fram ýmis atriði í stefnudrögunum sem ASÍ tekur sérstaklega undir. Í framhaldi af því er gerð grein fyrir atriðum sem ASÍ vill vekja athygli á og vonast til að tekið verði tillit til í lokaútgáfu orkustefnunnar.

Atriði sem ASÍ tekur sérstaklega undir:

- Kafli 7 – Þjóðin njóti arðs af orkuauðlindum sínum.
- Kafli 7.1 - Auðlindum fallvatns og jarðvarma verði ráðstafað af kostgæfni í ljósi þess að þær eru takmarkaðar.
- Kafli 7.3 - Opinber orkufyrirtæki leitist við að takmarka áhættu almennra notenda vegna þjónustu sinnar við stórnotendur.
- Kafli 7.4 - Stjórnvöld geti veitt heimild til nýtingar á orkuauðlindum sem eru í eigu þjóðarinnar gegn gjaldi að því tilskyldu að nýtingarrétturinn sé tímabundinn eða að honum megi breyta.
- Kafli 9 – Stuðlað verði að uppbyggingu fjölbreytilegs atvinnulífs, t.d. með uppbyggingu iðngarða í grennd við jarðhitavirkjanir.
- Kafli 6.2 - Við ákvarðanatöku um frekari uppbyggingu orkuvera, flutningsnets og orkufreks iðnaðar á Íslandi verði litið til umhverfiskostnaðar og fórnarkostnaðar vegna glataðra náttúruverðmæta. Útgáfa og útleiga

Alþýðusamband Íslands

Stetúni 1. • Reykjavík
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601
asi@asi.is • www.asi.is



nýtingarleyfa komi aðeins til álitna að uppfylltu því forskilyrði að opinberir eigendur náttúrugæða fái áðurnefndan kostnað bættan.

- Kafli 6.3 – Aðferðafræði rammaáætlunar verði beitt til að flokka virkjanakosti og forgangsraða þeim.
- Kafli 5.7 – Orkuöryggi verði aukið m.a. með notkun fjölbreyttari tegunda orkugjafa.
- Kafli 8 – Leitað verði leiða til að draga úr kostnaði vegna rafhitunar húsa ... og almennt til að spara og nýta betur orku.

Atriði sem ASÍ vill vekja athygli á:

Kafli 7 - Þjóðin njóti arðs af auðlindum

Í þessum kafla mætti koma skýrar fram nákvæmlega hvaða orkuauðlindir ættu að vera í þjóðareign. Skoðun ASÍ er sú að til náttúruauðlinda í eigu þjóðarinnar teljast m.a. nytjastofnar á Íslandsmiðum, auðlindir á /í /eða undir hafsbotninum utan netalaga svo og náttúruauðlindir í þjóðlendum.

Kafli 7.4 - Leiga á vatns- og jarðhitaréttindum

Í þessum lið er eitt og annað óljóst og kallar á skýringar: Hvaða stjórnvald á að hafa forræði með fyrirhuguðum „auðlindasjóði“? Hvað er átt við með „hóflegum samningstíma“? Hvernig nákvæmlega má lágmarka „leigjendavandann“? Getur viðkomandi orkufyrirtæki framselt /veðsett nýtingarrétt (t.d. ef orkuverð hækkar mikið)?

Kafli 7.3 - Eignarhald, fjármögnun og áhætta í rekstri orkuvinnslufyrirtækja

Umfjöllun í þessum lið um beina eða óbeina ábyrgð opinberra aðila ætti e.t.v. betur heima með umfjöllun um fjölbreytilegt atvinnulíf í kafla 9 (sjá athugasemd við kafla 9 hér að neðan).

Kafli 7.2 - Arður af orkuauðlindum

Umfjöllun í þessum lið um orkuverð og sæstrengi á e.t.v. alveg eins eða frekar heima með umfjöllun um fjölbreytilegt atvinnulíf í kafla 9 (sjá athugasemd við kafla 9 hér að neðan).

Kafli 8.6 - Sæstrengir til flutnings raforku milli markaða

Umfjöllun í þessum lið um orkuverð og sæstrengi á e.t.v. alveg eins eða frekar heima með umfjöllun um fjölbreytilegt atvinnulíf í kafla 9 (sjá athugasemd við kafla 9 hér að neðan).

Alþýðusamband Íslands

Sæturni 1 • Reykjavík
Sími: 538 5600 • Fax: 535 5601
asi@asi.is • www.asi.is



Kafla 9 - Uppbygging fjölbreytts atvinnulífs

Í þessum kafla er ágæt umfjöllun um það af hverju tilhneiging hefur verið til þess hér á landi að selja nánast alla framleidda orku í stórum skömmtum /til langs tíma inn í eina atvinnugrein. Tillögur um hvernig megi brjótast út úr þeim vítahring og auka fjölbreytni eru hins vegar ekki mjög skýrar. Þetta kann að stafa af því að lausn á vandnum tengist umræðunni um ríkisábyrgð (í kafla 7.3) og vangaveitum um lagningu sæstrengja (í köflum 7.2 og 8.6). Skoðun ASÍ hvað þessi mál varðar felst í eftirfarandi: 1) Nýta ber þá vatnsorku og jarðhita sem landsmenn eiga til uppbyggingar á fjölbreytilegu og samkeppnishæfu atvinnulífi; 2) ef fara á út í lagningu sæstrengs verður, annars vegar, að liggja fyrir mjög traust athugun sem sýnir að fórnarkostnaðurinn fyrir samfélagið af því að gera slíkt verði ekki hærrí en sem nemur ábatanum, og, hins vegar, má ekki setja þjóðina í þá stöðu að vera eigandi slíkrar fjárfestingar og bera óbeina ábyrgð á því að finna kaupanda að rafmagni við hinn endann; 3) ljóst er að opinbert eignarhald á orkufyrirtækjum skapar ákveðna bakábyrgð opinberra aðila sem leiðir til þess að ólíkum nýtingarkostum á náttúruauðlindum er mismunað (t.d. virkjun, útivist, ferðaþjónusta, rannsóknir ...) sem nauðsynlegt er að jafna með áberandi hætti; 4) almennt ber að skapa sem jöfnust skilyrði fyrir ólík fyrirtæki til að nýta með hagkvæmum hætti auðlindir þjóðarinnar í samræmi við niðurstöður rammaáætlunar.

Kafla 5 - Orkuþörf mætt með öruggum hætti

Í þessum kafla er m.a. lagt til að „kröfur um lágmarks afhendingaröryggi raforku verði skilgreindar í lögum og/eða reglugerðum“. Spyrja má hvort hinn raunverulegi vandi felst í skorti á lögum um orkuafhendingu. Hugsanlega felst hann frekar í skorti á trúverðugri byggðastefnu sem veitir leiðbeiningar um hvar á landinu á að halda uppi samkeppnishæfu atvinnulífi og hvar ekki. Það væri því mikill fengur af því ef í þessu kafla kæmi fram einhver sýn í byggðamálaum – hvað er eðlilegt að ganga langt í að tryggja öllum svæðum lágmarks afhendingaröryggi raforku?

Kafla 6.5 - Uppbygging og rekstur virkjana

Umfjöllun í þessum lið um nýtt „heildarmat á áhrifum vatnsorkuverkefna“ er fremur óljós. Sú spurning vaknar hverju á að ná fram – til viðbótar við rammaáætlun, umhverfismat o.s.frv. Er hætta á tvíverknaði? Er hætta á skörun við markmiðið í kafla 9.2 um að undirbúningsferli virkjanakosta sé stytt og einfaldað?

Kafla 6.8 - Loftslagsbreytingar

ASÍ tekur undir mikilvægi þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Það má samt gagnrýna ýmislegt í því hvernig tekið er á þessum málum í stefnuáætlunum. Það má t.d. spyrja hvort það sé ekki heppilegra að ræða loftslagsmálin undir kafla 10, sem er helgaður nauðsyn þess að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis, fremur en kafla 6 sem fjallar að mestu um verndun náttúrunnar gagnvart virkjana-

Alþýðusamband Íslands

Sæturinn 1 • Reykjavík
Sími: 538 5600 • Faksi: 535 5601
asi@asi.is • www.asi.is



framkvæmdum. Þá má halda því fram að ganga þurfi lengra í stefnumótuninni í loftslagsmálum en að vísa bara í almenn markmið um að „draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda um 50-75% árið 2050“.

ASÍ hefur tekið þátt í að móta sameiginlega afstöðu hinnar norrænu verkafélagsmálaáttar í loftslagsmálum. Þar er kallað eftir víðtæku hnattrænu samkomulagi um aðgerðir til að sporna gegn losun gróðurhúsalofttegunda. Lögð er áhersla á samvinnu ríkisvalds og aðila vinnumarkaðar. Þá er talið mikilvægt að jafnræðissjónarmiða sé gætt þannig að kostnaði vegna aðgerða til að sporna við loftslagsbreytingum sé skipt með réttlátum hætti í samfélaginu. Niðurstaðan verði að sameina kröfur um minni losun og atvinnu fyrir alla.

Alþýðusambandið vekur athygli á að aðgerðir til að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis, svo og aðrar aðgerðir til að sporna gegn loftslagsbreytingum, munu á næstu árum hafa í för með sér margháttaðar breytingar í atvinnulífinu og jafnvel á búsetu fólks. Það er því afar mikilvægt að slíkar aðgerðir séu grundvallaðar í samþættri umhverfis-, atvinnu- og menntastefnu – sem miðar að því að gera sem flestum fært að takast á við þessar breytingar á jákvæðan og réttlátan hátt.

Aðlaga þarf menntakerfið að nýrri atvinnustefnu og skapa þannig ungu fólki tækifæri til að taka öflugan þátt í uppbyggingu sjálfbærs atvinnulífsins. Um leið þarf að vinna markvisst að því að skapa tækifæri og hvata til menntunar og endurmenntunar fyrir fólk á vinnumarkaði þannig að það geti nýtt þau nýju tækifæri sem bjóðast. Mikilvægur liður í þessu er áætlunin um að eigi fleiri en 10% fólks á vinnumarkaði verði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar árið 2020.

Kafla 11 - Fræðsla, rannsóknir og alþjóðlegt samstarf

Að sjálfsgöðu tekur ASÍ undir það markmið sem sett er fram í kaflanum „að auka þekkingu og meðvitund almennings um sjálfbæra þróun og orkusparnað“. Sambandið styður einnig þá almennu leið sem bent er á til að ná þessu markmiði „að efla samstarf við frjáls félagasamtök um fræðslu- og kynningarstarf“. ASÍ telur samt að ganga þurfi mun lengra en þetta – sbr. það sem kemur fram í athugasemdum við kafla 6.8 hér að ofan um samþætta umhverfis-, atvinnu- og menntastefnu.

Virðingarfyllt,

F. h. Alþýðusambands Íslands


Stefán Úlfarsson

Alþýðusamband Íslands

Sæðini 1 • Reykjavík
Sími 535 5600 • Fax: 535 5601
asi@asi.is • www.asi.is